

Skýrsla stjórnar Lífsins – Samtaka um líknarmeðferð

fyrir starfsárið 2016-2017

Á aðalfundi Lífsins 26. apríl 2016 var kosinn nýr formaður samtakanna. Auk þess voru tveir nýir stjórnarmenn valdir til stjórnarsetu næstu tvö árin. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir var kosin formaður en þær Ásdís Ingvarsdóttir og Guðrún Björg Guðmundsdóttir komu nýjar inn í stjórn.

Aðrir stjórnarmeðlimir sem höfðu hlotið kosningu árið 2015 til tveggja ára voru: Arna Dögg Einarsdóttir, Guðríður Kristín Þórðardóttir, Guðrún Jónsdóttir og Sigrún Þóroddsdóttir.

Eftir aðalfund skipti stjórn með sér verkum: Arna Dögg Einarsdóttir, varaformaður, Ásdís Ingvarsdóttir, ritari, Guðríður Kristín Þórðardóttir, gjaldkeri, Guðrún Jónsdóttir, meðstjórnandi og Guðrún Björg Guðmundsdóttir og Sigrún Þóroddsdóttir, varamenn í stjórn.

Guðrún Jónsdóttir tók ennfremur að sér að halda utan um útgáfu fréttabréfs og vefsíðu samtakanna.

Stjórnin hélt alls 9 stjórnarfundi á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnar fyrir utan almenna umsýslu voru eftirfarandi:

1. Kynning á alþjóðlegum degi líknarmeðferðar.

Í tilefni af alþjóðlegum degi líknarmeðferðar sem haldinn var 8. október 2016 skrifaði formaður grein sem birtist á vefsíðunni visir.is. Greinin bar heitið „Lífsgæði og ólæknandi sjúkdómur“. Vakin var athygli á líknarmeðferð, auk þess sem yfirskrift alþjóðadagsins var kynnt en hún var: Að lifa og deyja í sársauka – Það þarf ekki að vera raunin (“Living and dying in pain: It doesn't have to happen”).

2. Uppfærsla vefsíðu. Í tilefni af alþjóðlegum degi líknarmeðferðar var farið í það stóra verkefni að uppfæra vefsíðu samtakanna og var hún tekin í notkun um það leyti sem alþjóðadagurinn var haldinn hátíðlegur. Stjórn skipti með sér verkum varðandi þetta verkefni en Arna Dögg Einarsdóttir, Ásdís Ingvarsdóttir, Guðríður K. Þórðardóttir og Guðrún Jónsdóttir báru hitann og þungann af þessari vinnu. Vefsíðan hefur hlotið góðan hljómgrunn og stjórn leggur mikla áherslu á að vefsíðan sé aðgengileg og hafi notendavænt útlit.

3. Námskeið. Árlegt námskeið á vegum samtakanna var haldið í Háteigskirkju 26. apríl 2017. Námskeiðið bar yfirskriftina: Hluti af heild – Fjölskyldan og alvarleg veikindi. Þátttakendur á námskeiðinu voru um 40 talsins. Fyrirlesarar á ráðstefnunni voru fagaðilar úr mismunandi fagstéttum og ennfremur voru kynningar frá sjálfseignarstofnunum og

frjálsum félagsamtökum. Auk þess var erindi frá þiggjanda líknarþjónustu. Námskeiðið tókst mjög vel og fékk stjórn margar tillögur um efni á komandi námskeið.

4. Samtal við stjórn Hollvinasamtaka líknarþjónustu.

Formaður og varaformaður áttu fund með stjórn Hollvinasamtaka líknarþjónustu. Umfjöllunarefnið var ósk stjórnar Hollvinasamtakanna á mögulegum samruna við Lífið – Samtök um líknarmeðferð. Rósa Kristjánsdóttir fulltrúi stjórnar hafði verið í sambandi við formann Lífsins og kynnt hugmyndir stjórnar Hollvinasamtakanna um að samnýta kraftana í þágu líknarmeðferðar á Íslandi. Á fundi formanns og varaformanns með stjórn Hollvinasamtakanna kom fram einlægur vilji hjá báðum samtökum um að kanna til hlítar möguleika á því að meðlimir í Hollvinasamtökunum gætu gengið í Lífið. Hollvinasamtökin yrðu í framhaldi af því lögð niður.

Síðar á aðalfundi verður umræða um þetta mál þar sem stjórn Lífsins leggur til ákveðnar breytingar á lögum samtakanna til að þetta mál geti hlotið framgang.

5. Þátttaka í tveimur fundum á vegum EAPC. Formaður og ritari félagsins sátu sinn hvorn fundinn á ráðstefnu EAPC sem haldinn var í Madríd 18. – 20. maí s.l. Formaður sat fund þar sem formenn og forsetar aðildarfélaga EAPC höfðu verið boðaðir á af Philip Larkin, forseta EAPC. Ásamt forseta EAPC, sat Julie Ling framkvæmdastjóri EAPC fundinn auk stjórnarfélks í EAPC. Á þeim fundi tók formaður til máls og kynnti stuttlega þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir í líknarmeðferð á Íslandi. Ritari félagsins sat annan fund á vegum forseta EAPC sem haldinn var fyrir hjúkrunarfræðinga sem voru fulltrúar sinna landssamtaka. Ásdís lýsti yfir áhuga Íslands á að taka virkan þátt í stefnumótunarvinnu sem lýtur að hjúkrun í líknarmeðferð, „Nursing Taskforce”. Bindum við miklar vonir við að virk þátttaka Íslands geti orðið að veruleika í því verkefni.

6. Formlegt erindi til forseta EAPC um að halda ráðstefnu EAPC 2021 í Reykjavík. Formaður ræddi í Madríd við Philip Larkin, forseta EAPC um ósk Lífsins og Landspítala um að halda ráðstefnu EAPC hér á landi árið 2021. Formaður og ritari höfðu setið fund með Hönnu Margréti Hrafnkelsdóttur hjá Meet in Reykjavík og fengið ráðgjöf og faglega aðstoð um hvernig bæri að koma slíku erindi á framfæri. Forseta EAPC og framkvæmdastjóra var síðan fært formlegt erindi þar sem Ísland er boðið fram sem ráðstefnuaðili EAPC árið 2021. Formlegt bréf undirritað af formanni fyrir hönd Lífsins og Valgerði Sigurðardóttur, yfirlækni á Líknardeild Landspítala var afhent ásamt kynningarefni sem útbúið var í samráði við Meet in Reykjavík.

Erindinu verður fylgt eftir og mun formaður senda tölvubréf til Julie Ling, framkvæmdastjóra EAPC innan skamms.

7. Samtökin hafa á starfsárinu veitt styrki bæði til einstaklinga og fagdeildar. Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræðinga fékk styrk vegna heimsóknar bandaríska félagsfræðingsins Joyce Simard til Íslands en hún hefur á síðustu áratugum þróað meðferðaúræði fyrir

einstaklinga með heilabilun á seinni stigum sjúkdóms. Markmið heimsóknarinnar var að kynna hugmyndafræði hennar hér á landi og styðja við innleiðingu á *Namaste nálgun* á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Hugmyndafræði *Namaste* felur í sér nýja nálgun til að bæta lífsgæði einstaklinga með því að veita þeim persónumiðaða vellíðunarmeðferð þar sem unnið er með skynfæri einstaklinga og þeir örvaðir á ákveðinn hátt sem skilar sér í betri líðan, meiri ró og minni þörf á lyfjum. Námskeiðið var tekið upp og er fyrirhugað að halda það í náninni framtíð á landsbyggðinni. Elfa Þöll Grétarsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun hafði forgöngu um heimsókn Joyce. Þess má jafnframt geta að sex einstaklingar hlutu styrki í samræmi við leiðbeinandi reglur félagsins þar um. Sjá nánar um styrkveitingar í reikningum félagsins.

Til upplýsingar:

21.09.2016	-75.000,00	Ásta Bjarney Pétursdóttir	styrkur
22.08.2016	-75.000,00	Lilja Arnardóttir	styrkur
29.03.2016	-100.000,00	Fagdeild öldrunarhjúkrunarfræð	Fræðsla
15.03.2016	-75.000,00	Ólöf Ásdís Ólafsdóttir	styrkur
15.02.2016	-75.000,00	Berglind Víðisdóttir	Styrkur
08.02.2016	-75.000,00	Ásdís Björg Þórbjarnardóttir	styrkur
29.01.2016	-75.000,00	Bergþóra Kristín Jóhannsdóttir	styrkur

Starfsárið hefur verið ákaflega gott og gefandi. Stjórnin hefur á að skipa öflugum fólki sem leggur sig fram um að vinna samtökunum og málstaðnum gagn. Fréttabréf félagsins er mikilvægur tengiliður við félagsfólk þar sem upplýsingum um starf samtakanna er miðlað sem og fræðsla og áhugaverðu efni.

Ég vil þakka samstarfsskonum mínum í stjórn fyrir samstarf liðins starfsárs og hlakka til áframhaldandi starfs á þessum vettvangi. Það er margt að gerast hjá samtökunum og spennandi verkefni framundan.

Fyrir hönd stjórnar,

Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, formaður